Gerðarþoli (-ar): Hjálmar Hjálmarsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Tollstjóraembættið.

Fjárhæðir krafna í kr.: 2.039.965.

2007011029)

Heiti eignar: Sæbólsbraut 30, 0101,
Kópavogi.

Fastanr.: 206-5552.

Gerðarþoli (-ar): Björg Óskarsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 288.551.

2007011030)

Heiti eignar: Tunguheiði 14, 0202,
Kópavogi.

Fastanr.: 206-5758.

Gerðarþoli (-ar): Jón Kristinn Ásgeirsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sjóvá-Almennar tryggingar
hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 49.812.

2007011031)

Heiti eignar: Túnbrekka 2, 0101, ásamt bílskúr,
Kópavogi.

Fastanr.: 206-5715.

Gerðarþoli (-ar): Gunnar Valdimarsson og Lára Ágústa
Kristjánsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í Kópavogi.

Fjárhæðir krafna í kr.: 3.006.261.

2007011032)

Heiti eignar: Vatnsendablettur 50A,
Kópavogi.

Fastanr.: 206-6548.

Gerðarþoli (-ar): Ólafur Magnússon.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Söfnunarsjóður
lífeyrisréttinda.

Fjárhæðir krafna í kr.: 759.258.

2007011033)

Heiti eignar: Viðihvammur 5, 0201,
Kópavogi.

Fastanr.: 206-5972.

Gerðarþoli (-ar): Guðmundur H. Jóhannsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sýslumaðurinn í Kópavogi.

Fjárhæðir krafna í kr.: 1.214.085.

2007011034)

Heiti eignar: Þinghólsbraut 33, 0301, ásamt bílskúr,
Kópavogi.

Fastanr.: 206-6274.

Gerðarþoli (-ar): Páll Eiríkur Óskarsson og Katrín Marta
Magnúsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Kaupþing banki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 22.379.124.

2007011035)

Heiti eignar: Þinghólsbraut 48, 0101,
Kópavogi.

Fastanr.: 206-6316.

Gerðarþoli (-ar): Þinghólsbraut 48 ehf.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Tryggingarmiðstöðin hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 99.271.

2007011036)

Heiti eignar: Þinghólsbraut 51, 0001,
Kópavogi.

Fastanr.: 221-5105.

Gerðarþoli (-ar): Jóna Ingibjörg Sigurgeirsdóttir.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 253.767.

2007011037)

Sýslumaðurinn í Kópavogi,
3. júlí 2007.

Ragnhildur Sophusdóttir.

(2007011018)

Útgáfud.: 12. júlí 2007

Nauðungarsölur - Hvolsvöllur

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölur til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins Austurvegi 6, Hvolsvelli, 8. ágúst 2007 kl. 10.00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: Gaularás,

Rangárþing Eystra.

Fastanr.: 163854.

Gerðarþoli (-ar): Ólafur Árni Óskarsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.

Fjárhæðir krafna í kr.: 49.853.

2007011132)

Heiti eignar: Laufskálar 15,

Rangárþing Ytra.

Fastanr.: 219-6130.

Gerðarþoli (-ar): Sigrún Jónsdóttir og Sigurður Jónsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Lífeyrisjóður
verslunarmanna.

Fjárhæðir krafna í kr.: 171.483.

2007011133)

Heiti eignar: Laufskálar 5,
Rangárþing Ytra.
Fastanr.: 219-6115.
Gerðarþoli (-ar): Bjarki Steinn Jónsson.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Kaupþing Banki.
Fjárhæðir krafna í kr.: 12.053.103.
2007011134)

Heiti eignar: Pula,
Rangárþing Ytra.
Fastanr.: 165136.
Gerðarþoli (-ar): Pula ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Vátryggingafélag Íslands.
Fjárhæðir krafna í kr.: 124.713.
2007011135)

Heiti eignar: Svínhagi Hs 1,
Rangárþing Ytra.
Fastanr.: 196031.
Gerðarþoli (-ar): Rimmugýgur ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Rangárþing Ytra.
Fjárhæðir krafna í kr.: 44.293.
2007011136)

Heiti eignar: Öldugerði 13,
Rangárþing Eystra.
Fastanr.: 219-5146.
Gerðarþoli (-ar): Benóný Jónsson.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): SPRON.
Fjárhæðir krafna í kr.: 145.218.
2007011137)

Heiti eignar: Öldugerði 13,
Rangárþing Eystra.
Fastanr.: 219-5146.
Gerðarþoli (-ar): Sigríður Viðarsdóttir og Benóný Jónsson.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Sjóvá Almennar.
Fjárhæðir krafna í kr.: 85.184.
2007011138)

Sýslumaðurinn á Hvolsvelli,
13. júní 2007.

Kjartan Þorkelsson.

(2007011131)

Útgáfud.: 13. júlí 2007

Nauðungarsölur - Akranes

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölur til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins Stillholti 16-18, Akranesi, 9. ágúst 2007 kl. 14.00 hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar: Hólmaflöt 9, mhl. 01-0101 og 01-0102,
Akranesi.
Fastanr.: 228-1307.
Gerðarþoli (-ar): B.R. Hús ehf.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Akraneskaupstaður.
Fjárhæðir krafna í kr.: 129.845.
2007011142)

Heiti eignar: Krókatún 13,
Akranesi.
Fastanr.: 210-1226.
Gerðarþoli (-ar): Jóhanna Kristín Guðmundsdóttir.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Landsbanki Íslands hf.
Fjárhæðir krafna í kr.: 3.242.740.
2007011143)

Heiti eignar: Merkurteigur 3,
Akranesi.
Fastanr.: 210-2186.
Gerðarþoli (-ar): Guðmundur Magnús Elíasson.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Spölur ehf.
Fjárhæðir krafna í kr.: 95.171.
2007011144)

Heiti eignar: Skógarflöt 7, mhl. 01-0101,
Akranesi.
Fastanr.: 229-3203.
Gerðarþoli (-ar): Kristján E. Guðmundsson.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Akraneskaupstaður.
Fjárhæðir krafna í kr.: 59.147.
2007011145)

Heiti eignar: Suðurgata 29,
Akranesi.
Fastanr.: 210-2261.
Gerðarþoli (-ar): Rakel Sveinsdóttir.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íbúðalánasjóður.
Fjárhæðir krafna í kr.: 269.843.
2007011146)

Heiti eignar: Tindaflöt 4, mhl. 01-0205,
Akranesi.
Fastanr.: 227-4986.
Gerðarþoli (-ar): Sigurður Theodór Guðmundsson.
Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Akraneskaupstaður.
Fjárhæðir krafna í kr.: 87.372.
2007011147)

Sýslumaðurinn á Akranesi,
6. júlí 2007.

Esther Hermannsdóttir ftr.

(2007011141)

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
Grensásvegur 12a, kr. 3.197.309
kt. 520903-2080,
Grensásvegi 12a, Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2007.
Ásgeir Björnsson hdl.

(2007011101)

Útgáfud.: 11. júlí 2007

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. desember 2006 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 25. júní 2007 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
Ísðan ehf., kr. 5.981.198
kt. 701294-4599,
Engjateigi 17, Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2007.
Ásgeir Björnsson hdl.

(2007011100)

Útgáfud.: 11. júlí 2007

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. desember 2006 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 25. júní 2007 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
Borð ehf., kr. 3.702.176
kt. 690704-2340,
Hringbraut 54, Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2007.
Ásgeir Björnsson hdl.

(2007011099)

Útgáfud.: 11. júlí 2007

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. desember 2006 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta.

Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 25. júní 2007 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
ARC Íslandi ehf., kr. 16.198.862
kt. 440800-2460,
Flyðrugranda 6, Reykjavík

Reykjavík, 26. júní 2007.
Ásgeir Björnsson hdl.

(2007011098)

Útgáfud.: 11. júlí 2007

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 29. desember 1997 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 4. júlí 2005 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
Meistarinn hf., Samþykktar forgangskröfur
kt. 710796-2549, námu samtals kr. 21.240.803.
Dugguvogi 8, Reykjavík Lýstar almennar kröfur námu
samtals kr. 66.651.949

Reykjavík, 25. júní 2007.
Indriði Þorkelsson hdl.

(2007011096)

Útgáfud.: 11. júlí 2007

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 27. júní 2007 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. apríl 2007 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**
Í.S. verktakar ehf., kr. 38.612.773
kt. 520302-3870,
Fjallalind 13, Kópavogi

Hafnarfirði, 27. júní 2007.
Stefán Bj. Gunnlaugsson hrl.

(2007011091)

Útgáfud.: 11. júlí 2007

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 18. janúar 2007 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. apríl 2007 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Kvikmyndafélagið Pensula ehf.,
kt. 540102-7160,
Þrastarlundi 16, Garðabæ

Hafnarfirði, 27. júní 2007.

Stefán Bj. Gunnlaugsson hrl.

(2007011090)

Útgáfud.: 11. júlí 2007

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 9. mars 2006 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu. Skiptum á búinu var lokið 28. júní 2007.

Skiptum var lokið með því að frumvarp til úthlutunar var samþykkt á skiptafundi í dag. Samkvæmt úthlutunargerðinni greiddist skiptakostnaður að fjárhæð 114.828 kr. að fullu. Upp í almennar kröfur samtals að fjárhæð 5.930.845 kr. greiddust 406.234 kr. eða 6.85 hundradshlutar.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Ósabotnar ehf.,
kt. 530602-2220,
Djúpavogi 13, Höfnum,
Reykjanesbæ

Reykjavík, 28. júní 2007.

Lárentsínus Kristjánsson hrl.

(2007011089)

Útgáfud.: 6. júlí 2007

Auglýsing um skipulag - Hveragerðisbær

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi „við Sunnumörk og Mánamörk” Hveragerði, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Tillagan felur í sér breytingu á byggingarreit lóðarinnar Sunnumörk 6 og heimild til þess að starfrækja þar sjálfsafgreiðslustöð á olíu og bensíni. Tillagan er í samræmi við aðalskipulag Hveragerðis 2005-2017.

Tillagan ásamt greinargerð mun liggja frammi til sýnis á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, frá og með 9. júlí 2007 til og með 7. ágúst 2007.

Þeim, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og skal

þeim skilað til Hveragerðisbæjar eigi síðar en 21. ágúst 2007 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkir henni.

Guðmundur F. Baldursson

skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.

(2007011012)

Útgáfud.: 11. júlí 2007

Auglýsing um skipulag - Grýtubakkahreppur

Sveitarstjórn Grýtubakkahrepps auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi fyrir hesthús og reiðskemmu við Kaplaskjól á Grenivík.

Tillaga þessi, sem auglýst er með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, verður til sýnis í Sparisjóði Höfðhverfinga, Ægissíðu 7, Grenivík frá og með 11. júlí 2007 til og með 8. ágúst 2007.

Þeir sem vilja gera athugasemdir við tillöguna skulu gera það með skriflegum hætti eigi síðar en 22. ágúst 2007. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Sveitarstjóri Grýtubakkahrepps.

(2007011088)

Útgáfud.: 11. júlí 2007

Auglýsing um skipulag - Borgarbyggð

Tillaga að deiliskipulag við Stóra-Kroppsflugvöll, Borgarbyggð.

Byggðarráð Borgarbyggðar auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi Stóra-Kroppsflugvallar skv. 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Skipulagssvæðið norðan vegar nr. 516. Deiliskipulagstillagan felur í sér byggingarreit fyrir allt að 4 flugskýli og akbrautir flugvéla að flugbraut.

Tillagan verður til sýnis í ráðhúsi Borgarbyggðar, Borgarbraut 14, Borgarnesi frá 11. júlí til 8. ágúst 2007. Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með miðvikudeginum 22. ágúst 2007. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags- og bygginganefndar í ráðhús Borgarbyggðar. Þeir sem ekki gera athugasemd við tillöguna teljast henni samþykkir.

Borgarnesi, 11. júlí 2007.

Forstöðumaður framkvæmdasviðs Borgarbyggðar.

(2007011087)

Útgáfud.: 12. júlí 2007

Auglýsing um skipulag - Fjallabyggð

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990 - 2010.

Bæjarstjórn Fjallabyggðar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990 - 2010 samkv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skilgreining notkunar breytist á tveimur reitum. Tilgangur breytinganna er að stuðla að bættri nýtingu landssvæðis og mannvirkja í sveitarfélaginu.

Aðalgata 16.

Lóðin Aðalgata 16, sem skilgreind er sem verslun/skrifstofur, verði skilgreind sem íbúðir og/eða verslun/skrifstofur.

Vesturgata 17.

Lóðin Vesturgata 17, sem skilgreind er sem opinberar stofnanir, verði skilgreind sem íbúðir.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofunum, Gránugötu 24, Siglufirði og Ólafsvægi 4, Ólafsvægi frá og með miðvikudeginum 11. júlí 2007 til og með miðvikudagsins 8. ágúst 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til að skila inn athugasemdum er til miðvikudagsins 22. ágúst 2007.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofunum, Gránugötu 24, Siglufirði.

Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Fjallabyggðar.

(2007011139)

Útgáfud.: 12. júlí 2007

Auglýsing um skipulag - Snæfellsbær**1. Óveruleg breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 - 2015.**

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga er hér með auglýst eftir athugasemdum við óverulega breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Aðalskipulagi Snæfellsbæjar er breytt þannig að 5.000 fermetra svæði vestan Hellisbrautar sem skilgreint er að hluta til sem íbúarsvæði og að hluta til sem verslunar- og þjónustusvæði breytist í blandaða notkun íbúðarsvæðis og verslunar- og þjónustusvæðis fyrir allan skipulagsreitinn.

2. Nýtt deiliskipulag vegna Hellisbrautar á Hellissandi, Snæfellsbæ.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við nýtt deiliskipulag Hellisbrautar á Hellissandi, Snæfellsbæ.

Á Hellissandi er gert ráð fyrir uppbyggingu á þremur sjávarlóðum við Hellisbraut. Lóðirnar eru um 600 - 700 fm og á lóðunum má reisa allt að 240 fm hús á einni hæð.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, 360 Snæfellsbæ, frá 12. júlí 2007 til 9. ágúst 2007. Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast á skrifstofu Snæfellsbæjar eigi síðar en 23. ágúst. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.

(2007011124)

Útgáfud.: 13. júlí 2007

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

Í samræmi við 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

Keilugrandi 1.

Gerð er tillaga að eftirfarandi breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, sem nær til 5. myndar í greinargerð I í aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 - 2024.

Nýr þéttingarreitur er skilgreindur við Keilugranda 1, þar sem gert er ráð fyrir um 130 nýjum íbúðum. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við auglýsinguna og er auglýsing því birt ásamt athugasemdum Skipulagsstofnunar sem settar eru fram í bréfi dags. 4. júlí 2007 sem liggur frammi ásamt öðrum gögnum um erindið.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

Keilugrandi 1.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir lóðina að Keilugranda 1 sem afmarkast af Eiðsgranda, Keilugranda, Fjörugranda og aðliggjandi húsum við Boðagrandi.

Tillagan gerir ráð fyrir að á lóðinni Keilugrandi 1, þar sem nú stendur skemma, verði heimilt að fjarlægja núverandi byggingar og byggja íbúðarhús sem verður fjórar hæðir að Keilugranda, Fjörugranda og Boðagrandi en allt að níu hæðum að Eiðsgranda. Bílakjallari verður undir húsinu á tveimur hæðum og er gert ráð fyrir að öll bílastæði og gestabílastæði verði neðanjarðar.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8.20 - 16.15, frá 13. júlí 2007 til og með 24. ágúst 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 24. ágúst 2007. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 10. júlí 2007.

F. h. skipulagsstjóra Reykjavíkur,
Ann Andreassen.

(2007011140)

Útgáfud.: 16. júlí 2007

Auglýsing um skipulag - Akraneskaupstaður

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Ægisbrautar á Akranesi.

Með vísan til 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Ægisbrautar á Akranesi.

Skipulagssvæðið er Ægisbraut og nágrenni þar sem breyta þarf deiliskipulagi vegna nánari útfærslu fráveitukerfis heldur en lá fyrir við gerð gildandi aðal- og deiliskipulags.

Breytingin felst m.a. í að á Ægisbraut 6 verði skilgreind ný lóð Ægisbrautar 6B fyrir dælustöð fráveitu. Á Ægisbraut 27 er viðbygging leyfð. Á lóð dælu- og hreinsistöðvar, Ægisbraut 31, verði lóðin stækkuð, landfylling aukin og byggingarreiturinn stækkaður.

Tillagan, ásamt frekari upplýsingum, liggur frammi á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs að Dalbraut 8, Akranesi, frá 16. júlí 2007 til og með 13. ágúst 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 27. ágúst 2007 og skulu þær berast á bæjarskrifstofur Akraneskaupstaðar, Stíllholti 16-18, 3. hæð.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Akranesi, 10. júlí 2007.

F.h. sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,
Guðný J. Ólafsdóttir.

(2007011369)

Útgáfud.: 16. júlí 2007

Auglýsing um skipulag - Akraneskaupstaður

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits á Akranesi.

Með vísan til 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits á Akranesi.

Skipulagssvæðið afmarkast af Kirkjubraut, Arnarholti og Skagabraut.

Lóðirnar eru: Kirkjubraut 40, 46 og 48, Arnarholt 1, Skagabraut 5, 7, 9-11 og 13.

Breytingin felst m.a. í að byggingarreitir eru endurskilgreindir. Lóðin við Kirkjubraut 46 verði áfram íbúðalóð með hámarksnýtingarhlutfalli 0,4. Ekki verður lengur krafa um niðurrif húss og bílskúrs á lóðinni. Hluti lóðarinnar númer 48 við Kirkjubraut er skilgreindur sem bílastæði. Lóðirnar Skagabraut 9-11 og 13 verða sameinaðar í lóð númer 9 við Skagabraut og skilgreind sem þjónustu- og verslunarlóð með heimild fyrir íbúðarhúsnæði á efri hæð. Hámarksnýtingarhlutfall lóðarinnar verður 1,3.

Landnotkun er að öðru leyti óbreytt svo og aðrir skilmálar.

Tillagan, ásamt frekari upplýsingum, liggur frammi á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs að Dalbraut 8, Akranesi, frá 16. júlí 2007 til og með 13. ágúst 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 27. ágúst 2007 og skulu þær berast á bæjarskrifstofur Akraneskaupstaðar, Stíllholti 16-18, 3. hæð.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Akranesi, 10. júlí 2007.

F.h. sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar,
Guðný J. Ólafsdóttir.

(2007011368)

Útgáfud.: 16. júlí 2007

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Ölfus

Deiliskipulagstillaga fyrir land úr Ytri-Grímslæk, Ölfusi, landnúmer 172271.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss heimilar auglýsingu á deiliskipulagi fyrir íbúðahúsalóð á skika úr landi Ytri-

Grímslækjar, landnúmer 172271, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Deiliskipulagstillagan fyrir íbúðahúsalóðina er vestan við skipulagt íbúðasvæði á Grímslækjarheiði. Aðkoma að lóðinni er um aðkomuveg sem liggur um skipulagða svæðið austan við landið. Aðkoma inn á tengivegin er frá þjóðvegi nr. 38. Innan byggingarreits er heimilt að byggja allt að 300 m² íbúðarhús með bílgeymslu. Allt að 15 m² gestahús og 30 m² tómstundahús. Mænishæð íbúðarhúss má vera allt að 6,5 m frá jörðu eða 6 m frá gólfplötu. Þakhalli skal vera á bilinu frá 15 til 45°. Allar byggingar skal staðsetja innan byggingarreits, sem liggur næst lóðarmörkum 10 metra. Byggingarreitur liggur í 100 m fjarlægð frá miðlinu þjóðvegur nr. 38. Stærð lóðarinnar samkvæmt mælíblaði er 9.618,2 m².

Deiliskipulagstillaga fyrir land úr Kvíarhól, Ölfusi, land E, landnúmer 204222.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss heimilar auglýsingu á deiliskipulagi fyrir tvo byggingarreiti, annan fyrir íbúðarhús og hinn fyrir skemmu á landi merktu Kvíarhóll E, landnúmer 204222, samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Aðkoma að landinu er fá Suðurlandsvegi, vegi nr. 1, um Hvalsveg. Fyrir liggur samþykki vegargerðar og landeiganda um þessa veltengingu. Einnig að yfir veglínu er raflína og skal halda ákveðinni fjarlægð frá veghæð að raflínu. Landið er skipulagt sem landbúnaðarsvæði og skulu framkvæmdir samræmast aðalskipulagi þar um. Byggingarreitur fyrir íbúðarhús er með mænishæð allt að 6,5 m frá jörðu eða 6 m frá gólfplötu. Þakhalli skal vera á bilinu frá 15 til 45°. Innan reitsins er heimilt að byggja allt að 250 m² hús með bílgeymslu.

Byggingarreitur fyrir skemmu er með mænishæð sem má vera sú sama og á íbúðarhúsi, eða mest 6,5 m yfir jörðu. Þakhalli verði á bilinu 14 til 45° og heimilt að byggja allt að 900 m² skemmu.

Deiliskipulagstillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofum Ölfuss að Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn, frá og með 16. júlí 2007 til 13. ágúst 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við deiliskipulagstillögurnar. Frestur til þess að skila þeim er til 27. ágúst 2007. Skila skal athugasemdum inn á bæjarskrifstofur Ölfuss, Hafnarbergi 1, 815 Þorlákshöfn. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillögurnar innan tilskilins frests teljast samþykkir þeim.

Sigurður Jónsson skipulags- og byggingarfulltrúi.

(2007011151)

Útgáfud.: 10. júlí 2007

Stefna - til viðurkenningar á lögskilnaði

Sigríður Jóna Katarínusdóttir,
kt. 081167-4949,

Höfðabraut 10, Akranesi,

gjörir kunnugt: Að hún þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Vesturlands á hendur Terrel Robinson, fd. 11. ágúst 1971, með óþekktan dvalarstað í Bandaríkjunum.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Steinunn Guðbjartsdóttir hrl., Suðurlandsbraut 6, Reykjavík, rekur mál þetta f. h. stefnanda.

Kröfugerð:

1. Stefnandi gerir þá kröfu að henni verði með dómi veittur lögskilnaður við stefnda.
2. Þá krefst stefnandi þess að henni verði falin forsjá barns hennar og stefnda, Logan Leifs Robinson, kt. 140901-3770, til 18 ára aldurs hans.
3. Þess er krafist að dæmt verði að stefnda beri að greiða stefnanda einfalt lágmarksmeðlag frá 1. júlí 2005 með Logan Leifi Robinson, kt. 140901-3770, til fullnaðs 18 ára aldurs hans.
4. Loks er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum 24,5% virðisaukaskatti.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi og stefndi gengu í hjónaband þann 22. ágúst 1997 í Bandaríkjunum. Þann 14. september 2001 fæddist þeim sonurinn Logan Leifur. Aðilar bjuggu í Bandaríkjunum en slitu samvistum vorið 2004. Við samvistaslitin flutti stefnandi til Íslands með barnið og þau hafa átt skráð lögheimili á Íslandi frá 15. maí 2005, sbr. dómskjöl nr. 8 og 9. Barnið hefur verið búsett hjá stefnanda allt frá samvistaslitum aðila. Stefndi samþykkti að barnið ætti lögheimili hjá stefnanda.

Stefndi er búsettur í Bandaríkjunum og stefnanda hefur ekki tekist að ganga frá skilnaði þeirra í milli og frá samkomulagi um forsjá barnsins í þá veru að hún fari ein með forsjána vegna aðgerðarleysis stefnda í þá veru. Af þeim sökum reyndi stefnandi að fá birta stefnu fyrir stefnda, dags. 26. júní 2006. Með bréfi utanríkisráðuneytisins, dags. 15. nóvember s.l., var lögmanni stefnanda tilkynnt að ekki hefði tekist að birta stefnuna fyrir stefnda þar sem hann býr ekki lengur á þeim stað sem stefnanda var síðast kunnugt um að hann dveldi á, sbr. dómskjöl nr. 12. Frá þeim tíma hefur stefnandi reynt að grennslast fyrir um dvalarstað stefnda en án árangurs. Hún hefur t.d. ritað systur hans tölvupóst í því skyni að reyna að hafa uppi á dvalarstað hans en hefur ekki fengið neinar upplýsingar þar að lútandi. Engin samræmd þjóðskrá er í Bandaríkjunum þar sem stefnandi getur fengið upplýsingar um heimilisfang stefnda enda telur hún hann vera óskráðan til heimilis, m.a. vegna flótta frá skuldum og hugsanlegum meðlagsgreiðslum. Vegna framangreinds er stefnanda nauðugur einn kostur að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu enda ríkir hagsmunir fyrir stefnanda að gengið verði frá skilnaði milli aðila og skipan forsjár barnsins.

Stefnandi og stefnda hafa ekki verið samvistum í a.m.k. tvö ár og óskar stefnandi því eftir beinum lögskilnaði við stefnda. Stefnandi lýsir yfir eignaleysi af sinni hálfu og að engar eignir séu til skipta á milli aðila.

Ef stefndi sækir ekki þing í máli þessu er heimilt að skipa honum málsvara samkvæmt 2. mgr. 117. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993.

Stefnandi byggir kröfu sína um að henni verði falin forsjá sonar hennar og stefnda, Logan Leifs Robinson, á því að það sé barninu fyrir bestu, sbr. 2. mgr. 34. gr. barnalaga nr. 76/2003. Barnið flutti ásamt stefnanda til Íslands vorið 2004 og hefur átt lögheimili hér á landi frá því í maí 2005, sbr. dómskjöl nr. 8 og 9. Stefndi hefur hins vegar ekkert samband haft við barnið undanfarið. Stefnandi hefur verið aðal umönnunaraðili barnsins allt frá fæðingu þess. Barnið býr við góðar aðstæður hjá stefnanda og gengur í leikskóla nálægt heimili þeirra og mun hefja skólagöngu næsta haust. Á milli stefnanda og barnsins eru sterk og órjúfanleg tengsl og stefnandi telur ótvírætt að hagsmunum þess sé best borgið fari hún með forsjá þess. Að mati stefnanda er nauðsynlegt að gengið verði frá málum hið fyrsta hvað varðar forsjá barnsins.

Barnið Logan Leifur hefur verið á framfæri stefnanda frá samvistaslitum aðila. Með úrskurði sýslumannsins á Akranesi, dags. 15. júní 2006, var stefndi úrskurðaður til að greiða stefnanda til bráðabirgða lágmarksmeðlag með barninu frá 1. júlí 2005 þar til niðurstaða varðandi meðlagsskröfu hennar í skilnaðarmáli aðila liggur fyrir, sbr. dómskjöl nr. 5. Gerð er krafa um að upphafstími meðlagsgreiðslna miðist við sama tímamark og úrskurður sýslumanns kveður á um eða 1. júlí 2005 til 18 ára aldurs barnsins.

Lagarök: Stefnandi byggir kröfu sína um lögskilnað á 37. gr. hjúskaparlaga nr. 31/1993, 41. gr., 113. gr., 114. gr., 115. gr. og 117. gr. sömu laga.

Varðandi kröfu um forsjá vísar stefnandi til barnalaga nr. 76/2003, einkum 2. mgr. 34. gr.

Stefnandi byggir kröfu sína um einfalt meðlag úr hendi stefnda með barninu á framfærsluskyldu foreldra, sbr. 53. gr. barnalaga nr. 76/2003 og lágmarksmeðlagsskyldu forsjárlaus foreldris samkvæmt 57. gr., sbr. 55. gr. laganna. Um heimild dómara til að kveða á um meðlagsskyldu í málinu vísar stefnandi til 4. mgr. 34. gr. laganna.

Krafa varðandi virðisaukaskatt er reist á lögum nr. 50/1988 og krafa um málskostnað á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls þessa mun stefnandi leggja fram eftirtalin gögn:

1. Stefnu þessa ásamt birtingavottorði.
2. Skjalaskrá.
3. Gjafsóknarleyfi, dags. 25. ágúst 2006.
4. Umboð lögmanns, dags. 5. júní 2006.
5. Úrskurður sýslumannsins á Akranesi dags. 15. júní 2006.
6. Hjónavígsluvottorð frá 22. ágúst 1997.
7. Fæðingarvottorð barns.
8. Staðfesting á lögheimili stefnanda dags. 9. júní 2006.
9. Staðfesting á lögheimili barns, dags. 9. júní 2006.
10. Stefna dags. 26. júní 2006.
11. Gögn um árangurslausa stefnubirtingu í Bandaríkjunum.
12. Bréf utanríkisráðuneytisins, dags. 15. nóvember 2006.

Sérstakur áskilnaður: Áskilinn er réttur til að leggja fram frekari gögn í málinu á síðari stigum þess. Þá er áskilinn réttur til að koma að nýjum málsástæðum og kröfum allt fram að munnlegum flutningi málsins ef til hans kemur.

Skýrslutökur: Stefnandi mun gefa skýrslu fyrir dómi ef þörf krefur. Áskilinn er réttur til að leiða vitni fyrir dóm ef tilefni verður til.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Terrel Robinson, fd. 11. ágúst 1971, með óþekktan dvalarstað í Bandaríkjunum, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Vesturlands sem háð verður að Bjarnarbraut 8, Borgarnesi, þriðjudaginn 4. september 2007 kl. 14.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til saka og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má hann búast við því að útvistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 20. júní 2007.

F. h. stefnanda,

Steinn Guðbjartsdóttir hrl.

Útgáfud.: 13. júlí 2007

Stefna - til ógildingar á fasteignaveðbréfi**Dómstjóri héraðsdóms Norðurlands eystra, Freyr Ófeigsson,**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Árni Pálsson hrl., kt. 070352-2579, Strandgötu 29, Akureyri, að hann þurfi fyrir hönd Gunnars Haraldssonar, kt. 120146-2899, Hverfisgötu 66a, Reykjavík, Ólafs Haraldssonar, kt. 130853-3159, Sóleyjarríma 1, Reykjavík, Guðmundar Haraldssonar, kt. 160443-3329, Rjúpnasölum 14, Kópavogi og Halldóru Haraldsdóttur, kt. 210351-4269, Ásvegi 16, Akureyri, að höfða mál fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra til ógildingar á fasteignaveðbréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur, að ógilt verði með dómi fasteignaveðbréf upphaflega að fjárhæð kr. 1.625.000 útgefið 9. október 1991 af Jóni Þór Gunnarssyni og Birgittu Guðmundsdóttur til Sigurðar Sigmundssonar trygghu með 1. veðrétti í fasteigninni Hlíðargötu 4, neðri hæð, Akureyri, þinglýst 9. október 1991 nr. 5204.

Málavextir og málsástæður: Fasteignaveðbréfið sem krafist er ógildingar á var upphaflega að fjárhæð kr. 1.625.000 útgefið 9. október 1991 af Jóni Þór Gunnarssyni og Birgittu Guðmundsdóttur til Sigurðar Sigmundssonar. Fasteignaveðbréfið var ekki framselt Íbúðalánasjóði eins og tíðkanlegt var.

Fasteignaveðbréfið átti að endurgreiða með 99 afborgunum á þriggja mánaða fresti í fyrsta skipti 15. september 1991. Skuldin var bundin lánsjaravísitölu, sem Seðlabanki Íslands reiknaði skv. heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989, sbr. augl. dags. 23. janúar 1989.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu skuldarinnar veðsetti útgefandi skuldareiganda með 1. -fyrsta- veðrétti og uppfærslurétti fasteignina Hlíðargötu 4, neðri hæð, fastanr. 214-7601, Akureyri.

Fasteignaveðbréfinu var þinglýst 9. október 1991 nr. 5204. Framangreint fasteignaveðbréf segja stefnendur að fullu greitt en frumrit þess sé glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennslan. Stefnendur eru þinglýstir eigendur Hlíðargötu 4, neðri hæð og hafa selt eignina. Þeim sé því brýn nauðsyn á að fá dóm til ógildingar á fasteignaveðbréfinu svo unnt sé að aflétta því af fasteigninni.

Lagarök: Stefnandi vísar til ákvæða 120. gr. og 121. gr. laga nr. 91/1991 til stuðnings kröfu sinni.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Ljósrit fasteignaveðbréfs.
4. Lögbirtingablað, sem stefnan birtist í.
5. Þinglýsingarvottorð.

Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint fasteignaveðbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta í héraðsdómi Norðurlands eystra, er háð verður að Hafnarstræti 107, Akureyri, fimmtudaginn 6. september 2007 kl. 13.30, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu en ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Akureyri, júní 2007.

Dómstjóri héraðsdóms Norðurlands eystra,
Freyr Ófeigsson.

(2007011149)

Útgáfud.: 11. júlí 2007

Fjárræðissvipting

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 5. júlí 2007 í máli nr. L-8/2007 var Margrét Karlsdóttir, kt. 151124-4539, Kjarmóa 18, Reykjanessbæ svipt fjárræði tímabundið í eitt frá uppkvaðningu úrskurðarins að telja.

Hafnarfirði, 3. júlí 2007.

Sveinn Sigurkarlsson.

(2007011113)

Útgáfud.: 11. júlí 2007

Tilkynning um meðferð máls skv. barnalögum

Sýslumaðurinn á Akranesi, Stíllholti 16-18, Akranesi, gerir kunnugt að Ástrós Una Jóhannesdóttir, kt. 180785-3459, Vesturgötu 141, Akranesi, hefur krafist þess Ledell Manuel, f. 28. október 1984, búsettum í Þýskalandi, en með óþekkt heimilisfang, verði með úrskurði gert að greiða einfalt meðlag með barninu, Amiru Þöll, kt. 171205-2470, frá 1. janúar 2006 til 18 ára aldurs barnsins, skv. 57. gr. barnalaga nr. 7/2003.

Með vísan til 4. mgr. 70. gr. barnalaga nr. 76/2003 er hér með skorað á Ledell Manuel að mæta til fyrirtöku málsins á skrifstofu sýslumannsins á Akranesi, að Stíllholti 16-8, 2. h., Akranesi, miðvikudaginn 15. ágúst 2007, kl. 10.00.

Athygli er vakin á að verði þessari kvaðningu ekki sinnt mun sýslumaður veita úrlausn á grundvelli þeirra krafna og gagna sem fyrir liggja.

Akranesi, 25. júní 2007.

F.h.s. **Áslaug Rafnsdóttir** fulltrúi.

(2007011116)

Lögbirtingablað,

52. tölublað 2007.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vik,

Anna Birna Þráinsdóttir.